

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: fjárlaganefnd Alþingis
Sendandi: fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Dagsetning: 8. nóvember 2022
Málsnúmer: FJR22020022
Bréfalykill: 8.1.2
Jafnréttismat: Nei

Efni: Útgjöld ríkisins til umhverfis-, náttúruverndar- og loftslagsmála

Vísað er til erindis frá fjárlaganefnd til fjármálastjóra aðalskrifstofa ráðuneyta dagsett 19. apríl 2022 um útgjöld í fjármálaáætlun 2023-27 til umhverfis-, loftslags- og náttúruverndarmála.

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um jfjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027. Við vinnslu áætlunarinnar er ætlunin að taka saman yfirlit sem ná yfir heildarútgjöld ríkisins til umhverfis- náttúruverndar- og loftslagsmála.

Vísað er til 4. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991. Í samráði við formann fjárlaganefndar er óskað eftir yfirliti sem sýni árleg gjöld sem eru á ábyrgðarsviði ráðuneytisins á gildistíma áætlunarinnar til:

- 1. Umhverfismála*
- 2. Náttúruverndarmála*
- 3. Loftslagsmála*
- 4. Óskað er eftir að í svarinu verði tilgreind helstu verkefni í hverjum flokki ár hvert og áætluð jfjárhæð til hvers verkefnis.*

Sé engum slíkum útgjöldum til að dreifa á ábyrgðarsviði ráðuneytisins er óskað staðfestingar þess efnis.

Að höfðu samráði við einstök fagráðuneyti og fjárlaganefnd var tekin ákvörðun um að fjármála- og efnahagsráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið tækju saman svör ráðuneytanna í eitt heildstætt skjal í stað þess að þau svöruðu hvert og eitt fyrir sig.

Vakin er athygli á því að þegar fyrirspurnirnar bárust hafði fjármála- og efnahagsráðherra lagt fram þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2023-27 en sú tillaga var enn í meðförum þingsins og hefur nú verið samþykkt á Alþingi. Í fjármálaáætlun er eingöngu gerð grein fyrir áætluðum fjárheimildum á gildistíma áætlunarinnar fyrir einstök málefnasvið. Í áætluninni er ekki gerð grein fyrir framlögum til einstakra málaflokka heldur birtist sú útfærsla í fjárlögum ár hvert. Þá er í fylgiriti fjárlaga gerð grein fyrir sundurliðun fjárveitinga niður á stofnanir og verkefni. Ráðuneytin hafa því í einhverjum tilvikum í meðfylgjandi svörum áætlað útgjöld byggt á fylgiriti fjárlaga 2022 og eigin áætlunum fyrir árin 2023 til 2027.

Í fyrirspurninni er spurt um framlög til umhverfismála, náttúruverndarmála og loftslagsmála og er rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum sem þarf að hafa í huga varðandi flokkun útgjalda í fjármálaáætlun og fjárlögum við yfirferð á svörum ráðuneytanna.

1. Í fjármálaáætlun eru settir fram útgjaldarammar fyrir 35 málefna svið sem síðar eru útfærðar nánar niður á yfir 100 málaflokka í fjárlögum fyrir komandi ár. Flokkun útgjalda eftir málefna sviðum og málaflokkum byggist í grunninn á svonefndum COFOG¹-staðli Sameinuðu þjóðanna en flokkunin hefur þó verið aðlöguð að þeirri stjórnskipan sem ríkir hér á landi. Í fjármálaáætlun og fjárlögum er það málefna svið 17 sem nær utan um umhverfismál. Sú flokkun nær á hinn bóginn ekki með nákvæmum hætti yfir þá þætti sem spurt er um enda er eðli útgjalda vegna umhverfis-, náttúruverndar- og loftslagsmála þess eðlis að þau geta skarast innbyrðis og einnig við önnur málefna svið og jafnframt verið hluti af útgjöldum sem hafa annan megin tilgang. Þá er sundurliðun fjárheimilda í fjárlögum, fjárveitinga í fylgiriti fjárlaga og útgjöldum í bókhaldi stofnana ríkisins með þeim hætti að ekki er á einfaldan hátt hægt að draga fram framlög til þeirra þátta sem spurt er um. Því þarf að kafa sérstaklega ofan í útgjöldin með nánari hætti en núverandi sundurliðun býður upp á. Við vinnslu svaranna þá svaraði hvert og eitt ráðuneyti spurningunum samkvæmt sínum skilningi á hugtökunum og sínu mati á flokkun útgjaldanna.
2. Í þessu samhengi er einnig rétt að vekja athygli á nýlegum samantektum er varða framlög til loftslagsmála og sjálfbæra fjármögnun ríkissjóðs.
 - a. Þann 24. september 2021² gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið út sjálfbæran fjármögnunarramma sem vottaður var af óháðum vottunaraðila, *Cicero – Shades of green*. Við vinnuna við þann ramma var farið yfir flest öll útgjöld ríkisins og voru þau útgjöld sem töldust hæf undir slíka fjármögnun flokkuð og metin. Ramminn fékk hæstu einkunn eða „dökkgræna“ sem felur í sér að þau „grænu“ verkefni sem voru valin í rammann og teljast hæf útgjöld undir sjálfbæra fjármögnun eru talin stuðla að lágkolefna framtíð og aðlögun að loftslagsbreytingum. Sá rammi er í samræmi við helstu staðla/leiðbeiningar sem eru til um skilgreiningar og flokkun grænnar fjármögnunar. Þar má nefna *Green Bond Principles*, *Green Loan Principles*, *Climate Bonds Standard*. Auk þess var horft til fyrirliggjandi draga að *EU Taxonomy*. Í sjálfbæra fjármögnunarrammanum og vottuninni frá *Cicero – Shades of green* má sjá sjö tegundaflokka „grænna“ verkefna og fimm tegundaflokka „blárra“ verkefna og dæmi um hvers konar verkefni hægt er að fjármagna undir rammannum, t.d. með grænum skuldabréfum. Vottun *Cicero – Shades of green* gildir í þrjú ár og að þeim tíma loknum þarf að endurskoða forsendur rammans.
 - b. Í júní síðastliðnum gaf Loftslagsráð út skýrslu sem ber heitið *Opinber fjármál og loftslagsmál*. Í aðdraganda þeirrar skýrslu vann fjármála- og efnahagsráðuneytið í samráði við umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti gögn fyrir loftslagsráð sem varða ýmsar fjárhagslegar upplýsingar svo sem útgjöld, skattstyrki o.fl. sem tengjast loftslagsmálum og eru þau birt í töflum í skýrslunni³. Í þeirri samantekt eru framlögum til loftslagsmála skipt í fernt. Þrjú flokkar útgjalda eru samgöngur, landbúnaður og beinar aðgerðir. Líkt og kemur fram í skýrslunni er gert ráð fyrir að þau útgjöld séu um 9,5 ma.kr. á árinu 2022. Auk þess nema skattstyrkir sem styðja við loftslagsmál um 8,5 ma.kr. Heildarframlögin samkvæmt þeirri samantekt eru því áætluð um 18 ma.kr. á árinu 2022.

Vert er að hafa í huga að útgjöld geta haft fjölþættan tilgang. Fæst útgjöld hafa að fyrsta tilgangi að vera „græn“ þó þau geti verið græn í einhverjum skilningi. Dæmi um slíkt er að nú eru velflestar nýbyggingar á vegum Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna með umhverfisvottun. Tilgangur þeirra framkvæmda er þá að hýsa starfsemi stofnana ríkisins en gætt er að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum bygginganna. Það eru fordæmi fyrir því hjá ESB og OECD að útgjöldum séu gefnir stuðlar eftir því hversu græn þau eru eða hver megin tilgangur þeirra er. Þá er tiltekið hlutfall útgjaldanna metið sem grænt. Í þessari samantekt

¹ Classification of the Functions of Government

²<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/24/Sjalbbaer-fjarmognunarrammi-rikissjods/>

³<https://www.loftslagsrad.is/library/Greinargerdir/Opinber%20fj%c3%a1rm%c3%a1l%20og%20loftslagsm%c3%a1l%20-%20Loftslagsr%c3%a1%c3%b0%202022-06-09.pdf>

á svörum ráðuneyta er ekki gerð tilraun til slíkra útreikninga heldur eru útgjöldin annað hvort að fullu undir þá þætti sem spurt er um eða ekki.

Það er mat FJR og URN eftir yfirferð á svörum ráðuneytanna, ábendingum Loftslagsráðs og a.t.t. aukinnar almennrar umræðu um loftslagsmál að fullt tilefni sé til að bæta gagnsæi og framsetningu upplýsinga um kostnað og tekjur vegna aðgerða í loftslagsmálum svo að upplýst umræða geti átt sér stað. Sú vinna er þegar hafin innan stjórnarráðsins og mun byggja á þeirri vinnu sem varið var í samantekt Loftslagsráðs og græna fjármögnunarráðgjafar. Með því væri unnt að birta þessar upplýsingar með forvirkari og reglulegri hætti en nú er gert, t.d. í greinargerð fjármálaáætlunar eða fjárlaga eða eftir atvikum á öðrum vettvangi.

Eftirfarandi eru samantekin svör ráðuneyta við fyrirspurninni:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Taflan hér á eftir sýnir skiptingu fjármuna á málefnasviði 17 *Umhverfismál* þar sem útgjaldaflokkum hefur verið skipt eftir þeim flokkum sem gefnir voru upp í fyrirspurn fjárlaganefndar. Vert er að benda á að málefnasvið 15 *Orkumál* í fjármálaáætlun heyrir nú undir ráðuneytið, og má þar finna útgjöld sem skilgreina mætti sem loftslagstengd útgjöld. Má þar helst nefna Orkusjóð sem hefur úthlutað styrkjum til orkuskipta. Fyrirvari er á þessari framsetningu hér fyrir neðan og flokkun útgjalda. Í vinnu sinni flokkar ráðuneytið útgjöld á annan hátt en hér er unnið með upplýsingar til að svara fyrirspurn nefndarinnar.

Málefnasvið 17- flokkun verkefna 2023-2027 (m.v. ramma 1 - fjárhæðir í m.kr.)

	2023	2024	2025	2026	2027	Samt.
Loftlagsmál	4.699	4.934	4.739	4.749	4.759	23.880
Loftlagssjóður	100	100	100	100	100	500
Loftlagsráð	33	33	33	33	33	163
Styrkir, framlög og verkefni	1.300	1.300	1.300	1.300	1.300	6.500
Ofanflóðasjóður	280	290	300	310	320	1.500
Veðurstofa Íslands	2.986	3.211	3.006	3.006	3.006	15.217
Náttúruvernd	3.620	3.718	3.828	3.953	4.097	19.215
Landsáætl. um uppbygg. Innviða til verndar náttúru og menn. sögul. minjum.	914	914	914	914	914	4.571
Vernd Breiðarfjarðar	28	28	28	28	28	139
Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn	52	52	52	52	52	261
Umhverfisstofnun - Þjóðgarðar og friðlýst svæði	71	71	71	71	71	356
Vatnajökulsþjóðgarður	1.079	1.127	1.187	1.261	1.354	6.008
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	425	475	526	576	627	2.629
Náttúrufræðistofnun Íslands	869	869	869	869	869	4.346
Náttúrustofur	181	181	181	181	181	907
Umhverfismál	8.104	8.397	8.461	8.575	8.689	42.226
Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála	178	178	178	178	178	888
Áætlun um vernd og nýtingu landssvæða	64	64	64	64	64	320
Styrkir, framlög og verkefni	300	200	100	100	100	800
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	578	379	379	379	379	2.093
Úrvinnslusjóður	2.833	3.075	3.139	3.203	3.267	15.516
Endurvinnslan	4.152	4.502	4.602	4.652	4.702	22.610
Blönduð flokkun	3.978	3.110	3.113	3.116	3.119	16.438
Styrkir, framlög og verkefni	1.907	1.057	1.057	1.057	1.057	6.135
Umhverfisstofnun	2.072	2.054	2.057	2.060	2.063	10.304
Önnur verkefni	3.670	3.760	3.850	3.940	4.030	19.249
Alþjóðastofnanir	25	25	25	25	25	127
Ofanflóðasjóður	2.510	2.600	2.690	2.780	2.870	13.450
URN, aðalskrifstofa	1.048	1.048	1.048	1.048	1.048	5.242
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	86	86	86	86	86	430
Samtals	24.071	23.919	23.991	24.333	24.694	121.008

Helstu skýringar við töflu URN

Stærsti hluti fjárheimilda málefnasviðs 17 fer til umhverfismála eða um 34%, um 20% til loftslagsmála og 15% í náttúruvernd, samtals um 70%. Ef tekin eru með verkefni í blandaðri flokkun þá falla um 90% verkefna á málefnasviði 17 í þessa þrjá flokka.

Blönduð flokkun:

Umhverfisstofnun er með blandaða starfsemi sem fellur bæði undir náttúruvernd, umhverfismál og loftslagsmál. Ekki liggur fyrir nánari greining á umfangi hvers flokks fyrir sig.

Aðalskrifstofa URN er færð undir „Blandaða flokkun“ þar sem hún sinnir verkefnum þvert á starfsemi málefnasviðs 17, svo og annarra málefnasviða sem ráðuneytið ber ábyrgð á.

Loftslagsmál:

Undir flokkinn loftslagsmál eru færð verkefni aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum sem birtast undir liðnum 14-190-190, styrkir, framlög og verkefni.

Það er gróft mat ráðuneytisins að rúmlega 10% af fjárheimildum Ofanflóðasjóðs fari í annað en snjóflóðavarnir og falli undir flokkinn loftslagsmál.

Það er mat URN og Veðurstofunnar að í víðum skilningi megi flokka alla starfsemi stofnunarinnar undir loftslagsmál.

Önnur verkefni:

Hér eru færð þau verkefni sem ekki falla undir náttúruvernd, umhverfismál eða loftslagsmál. Meðal annars um 90% af fjárveitingum Ofanflóðasjóðs sem ætla má að fari til snjóflóðavarna.

Dómsmálaráðuneyti

Samkvæmt svörum frá dómsmálaráðuneyti voru í fyrirbyggjandi fjármálaáætlun 2023-27 engar sérgreindar fjárveitingar til þessara mála á ábyrgðarsviði ráðuneytisins.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Samkvæmt félags- og vinnumarkaðsráðuneyti voru á ábyrgðarsviði félags- og vinnumarkaðsráðherra engin útgjöld til þessara mála.

Fjármála og efnahagsráðuneytið

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum útgjöldum á málefnasviðum fjármála- og efnahagsráðuneytis sem falla beint undir þessi málefni. Þó eru útgjöld á ábyrgðarsviði ráðuneytisins sem styðja við umhverfis- og loftslagsmál. Má þar nefna fjárveitingar til Stafræns Íslands (1,5 ma.kr. á ári), vinnu við útgáfu sjálfbærs fjármögnunarramma ríkissjóðs þætti í starfsemi Ríkiskaupa sem snúa að grænum innkaupum og þætti í starfsemi Ríkiseigna sem snúa að grænum byggingum. Þar fyrir utan styðja ýmsar aðgerðir í skattamálum við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Þá eru ýmsir þættir í starfsemi ráðuneytisins sem og í starfsemi stofnana þess sem fela í sér jákvæð áhrif á umhverfis- og loftslagsmál og má nefna að allar stofnanir taka þátt í grænum skrefum í ríkisrekstri.

Auk þess heyrna grænir skattstyrkir undir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Grænir skattstyrkir nema um 8,5 ma.kr á árinu 2022 en meiri óvissa er með þá í framtíðinni þar sem þeir eru yfirleitt ákvarðaðir tímabundið. Til grænna skattstyrkja má nefna vsk. endurgreiðslur vegna vistvænna bíla, hleðslustöðva, rafhjóra o.fl.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Á ábyrgðarsviði ráðuneytisins eru ýmis gjöld sem styðja við umhverfis- og loftslagsmál. Má þarf nefna að Markáætlun gegnir mikilvægu hlutverki sem framlag stjórnvalda til stuðnings við umsóknir í erlendar stefnumótandi áætlanir ESB um rannsóknir og nýsköpun, m.a. á sviði loftslagsmála. Af öðrum stefnumótandi stuðningi stjórnvalda má nefna stuðning við grænar tæknilausnir og hugverkaiðnað í þágu loftslagsmála, þ. á m. stuðning við sókn í alþjóðleg samstarfsverkefni. Í fjarskiptamálum er stefnt að því að stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Mikilvægt er að tryggja að fjárveitingar styðji við greinar sem gera Ísland að sjálfbærari þjóð t.d. varðandi tæknigreinar, matvælaframleiðslu, veiðar, umhverfisvernd og sjálfbærni. Áhersla verður lögð á sjálfbærni en í því felst meðal annars áhersla á öflugt nám og rannsóknir í umhverfismálum. Þá eru ýmsir þættir í starfsemi ráðuneytisins sem og í starfsemi stofnana þess sem fela í sér jákvæð áhrif á umhverfis- og loftslagsmál og má nefna að alls staðar er unnið að grænum skrefum í ríkisrekstri. Umhverfis-, náttúruverndar- og loftslagsmál eru leiðarljós í ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar. Hægt er að bæta úr því í fjárlagagerð í samvinnu við undirstofnanir, samningsaðila og sjóði en slík samræming þyrfti að vera á ábyrgð fjármálaráðuneytis.

Tegundalyklar bókhaldskerfa undirstofnana ráðuneytisins endurspeglar illa þá sundurliðun sem óskað er eftir upplýsingum um og því erfitt um vik. Viðamestu undirstofnanir ráðuneytisins er tengjast umhverfis-, náttúruverndar- og loftslagsmálum eru Háskóli Íslands þ.m.t. Raunvísindastofnun og Landbúnaðarháskóli Íslands. Raunvísindastofnun ver árlaga um 480 m.kr. í verkefni á ofangreindum sviðum en þau verkefni eru öll fjármögnuð með sértekjum og styrkjum úr samkeppnissjóðum en ekki beinum fjárveitingum. Fjárframlög til Háskóla Íslands eru til kennslu, rannsókna, búnaðar, húsnæðis o.fl. Ef kostnaður vegna námsbrauta skólans t.d. í umhverfis- og auðlindafræði og umhverfisverkfræði teljast sem útgjöld til umhverfis- og loftslagsmála þyrfti að fara fram ítarleg greining á kennslu og rannsóknnum við háskólann. Við Landbúnaðarháskóla Íslands er unnið að fjölmörgum verkefnum sem beint tengjast umhverfisvernd, náttúruvernd og/eða loftslagsmálum. Heildarumfang verkefnanna er um 350 m.kr. á ári en þau eru að langstærstum hluta til fjármögnuð með sókn í samkeppnissjóði og styrktarsjóði. Á undanförunum árum hefur umfang rannsókna aukist hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti á næstu í samræmi við áherslu stjórnvalda á þessum málaflokkum.

Heilbrigðisráðuneytið

Það liggur fyrir að ekkert sérstakt fé er lagt í þessi mál í fjármálaáætlun, en vissulega eru stofnanir með ýmsar aðgerðir til að vernda umhverfið og draga úr loftslagsmengun. Þar má nefna samgöngustyrki, kaup á rafbílum, flokkun á rusli og innleiðingu grænna skrefa. Margt af þessu hefur ekki í för með sér aukin útgjöld og getur í einhverjum tilvikum sparað kostnað.

Innviðaráðuneytið

Innviðaráðuneyti hefur dregið saman eftirfarandi atriði sem talið er að falli undir fyrirspurnina og vísar til tölvupósts um málefnið dags 29.4.2022 þar sem ofangreindir aðilar taka að sér að yfirfara og samræma sameiginlegt svar ráðuneytanna til fjárlaganefndar. Tölvupósturinn vísar til að það vinnulag sé vilji samstarfsnefndar ráðuneytisstjóra um loftslagsmál og með samþykki fjárlaganefndar.

Áætluð útgjöld verkefna innviðaráðuneytis á tímabili fjármálaáætlunar 2023-2027. Um er að ræða göngu- og hjólastígagerð sem fellur undir fjárveitingu á liðnum Framkvæmdir á vegakerfinu. Þá eru það útgjöld sem skv. samgönguáætlun sem ætluð eru í Borgarlínu og hjóla- og göngustígagerð og falla undir fjárveitingu á liðnum Samgöngusáttmálinn á höfuðborgarsvæðinu. Að lokum eru það samningar um almenningsamgöngur falla undir fjárveitingu á liðnum Styrkir til almenningsamganga. Tölur eru á verðlagi fjárlaga 2022.

m.kr.	2023	2024	2025	2026	2027	Samt
Borgarlína sem er undir liðnum "Framkvæmdir á vegakerfinu"	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	5.000
Hjóla- og göngustígar undir liðnum "Framkvæmdir á vegakerfinu"	120	120	120	120	120	600
Hjóla og göngustígar undir liðnum "Samgöngusáttmálinn á höfuðborgarsv."	150	275	275	275	275	1.250
Loftslagsmál: Efling umhverfisvænni almenningsamganga	130	120	290	260	260	1.060
Áætlanaakstur á höfuðborgarsvæðinu	906	906	906	906	906	4.530
Áætlunarakstur á landsbyggðinni	878	878	878	878	878	4.390
Vestmannaeyjabær - Herjólfur III	80	80	80	80	80	400
Samtals	3.264	3.379	3.549	3.519	3.519	17.230

Matvælaráðuneytið

Vakin er athygli á því að í fjármálaáætlun er eingöngu gerð grein fyrir áætluðum fjárheimildum á gildistíma áætlunarinnar fyrir einstök málefnasvið. Þannig er ekki gerð grein fyrir sundurgreindum framlögum til einstakra málaflokka eða ríkisaðila. Í svari ráðuneytisins við þessari fyrirspurn er því stuðst við fylgirit fjárlaga 2022 sem almennt á gefa góða grein fyrir undirliggjandi forsendum á þróun útgjalda fyrir fjármálaáætlun 2023-2027.

Undir málefnasviðum ráðuneytisins er þjárf stofnanir sem segja má að falli beint undir þau verkefni sem fyrirspurn þessi lítur að. Þar má í fyrsta lagi nefna Skógræktina en gera má ráð fyrir að árleg framlög til hennar verði tæplega 1,8 ma.kr. Í öðru lagi er það Landgræðsla ríkisins en framlög til hennar eru áætluð um 1,7 ma.kr. á ári. Innfalið í þeim framlögum er tímabundin fjárveiting til verkefnisins Náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum en gert er ráð fyrir 300-400 m.kr. árlegri fjárveitingu til verkefnisins til ársins 2026 sem skiptist til jafns milli stofnananna. Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Í þriðja lagi er það síðan Umhverfissjóður sjókvíaldis en framlög til þess sjóðs eru áætluð í kringum 200 m.kr. á ári. Auk þess má nefna samninga við garðyrkjubændur um starfsskilyrði framleiðslu garðyrkjuafurða sem nemur um 1 ma.kr. á ári.

Til viðbótar við þetta má svo nefna samning við Skógræktarfélag Íslands upp á 55 m.kr. á ári og loftslagsaðgerðir í landbúnaði þar sem að jafnaði er gert er ráð fyrir um 105-135 m.kr. framlagi til ársins 2026 en það verkefni er hluti aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Auk þessa er gert ráð fyrir um 100 m.kr. til verkefna innan búvörusamninganna sem snúa að umhverfis-, lofslags- og náttúruverndarmála. Þar er um að ræða verkefni er lúta að kolefnishlutleysi í garðrækt og nautgripærækt, verkefna á sviði skógarafurða og mat á gróðurauðlindum.

Að lokum má nefna að hjá ráðuneytinu og stofnunum þess eru ýmsar aðgerðir til að vernda umhverfið og draga úr loftslagsmengun. Þar má nefna samgöngustyrki, kaup á rafbílum, flokkun á rusli og innleiðingu grænna skrefa. Margt af þessu hefur ekki í för með sér aukin útgjöld og getur í einhverjum tilvikum sparað kostnað.

Samtals má því ætla að framlög til umhverfis-, loftslags- og náttúruverndarmála á tímabili fjármálaáætlunar 2023-2027 séu í kringum 5 ma.kr. á ári.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Einu framlögin hjá menningar- og viðskiptaráðuneytinu sem væri hægt að heimfæra sérstaklega upp á að tengdust umhverfismálum, náttúruverndarmálum og loftslagsmálum eru framlög til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Hlutverk og markmið sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndum ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt. Einnig er markmið sjóðsins að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun.

Að öðru leyti er ekki sérstök framlög veitt sérstaklega í verkefni tengd umhverfismálum, náttúruverndarmálum og loftslagsmálum hjá ráðuneytinu.

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Það liggur fyrir að ekkert sérstakt framlag er lagt til þessara mála í fjármálaáætlun 2023-2027 undir málefnasviðum og málaflokkum sem ráðuneytið ber ábyrgð á.

En vissulega er ráðuneytið og stofnanir þess með ýmsar aðgerðir til að vernda umhverfið og draga úr loftslagsmengun. Þar má nefna samgöngustyrki, flokkun á rusli og innleiðingu grænna skrefa auk fræðslu á þessum málefnum. Margt af þessu hefur ekki í för með sér aukin útgjöld umfram veittar fjárveitingar og getur í einhverjum tilvikum sparað kostnað.

Þá er ráðuneytið ásamt umhverfis- orku og loftslagsráðuneytin með samning við Landvernd með gildistíma 2022-2026 og er áætlað að heildarskuldbindin samningsins sé um 224 m.kr. eða 44 m.kr. á ári fyrstu þriju árin og síðan 46 m.kr. síðustu tvö ár samningsins.

Utanríkisráðuneytið

Málefnasvið 04 Utanríkismál

Utanríkisráðuneytið hefur innleitt Loftslagsstefnu Stjórnarráðsins með innleiðingu aðgerðaáætlunar loftslagsstefnunnar.

Þá hefur ráðuneytið einnig innleitt aðgerðaáætlun grænna skrefa í ríkisrekstri og fengið viðurkenningu fyrir öll fimm skrefin frá Umhverfisstofnun.

Þá eru í eftirfarandi töflu upplýsingar um greiðslur til umhverfismála af norðurslóðalið utanríkisráðuneytisins:

	Fjárhæð, m.kr.
Stuðningur við verkefni vinnuhóps Norðurskautsráðsins um vernd gróðurs og dýralífs (CAFF)	7
Stuðningur við verkefni vinnuhóps Norðurskautsráðsins um vernd lífríkis sjávar á norðurslóðum (PAME)	7
Stuðningur um verkefni Norðurskautsráðsins um seiglu (Resilience)	1
Samtals	15

Málefnasvið 35 Aíljóðleg þróunarsamvinna

Eitt markmiða alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands í fjármálaáætlun er að auka hlutfall heildarframlaga til loftslagsverkefna. Það er vísað bæði til sjóða sem heyra undir loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC), sem eru Græni loftslagssjóðurinn, Aðlögunarsjóðurinn og Sjóður fyrir lágtekjuríki. Tölfræði sem byggir á alþjóðlegum viðmiðum og umhverfisstikum þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD DAC) er nýtt til að reikna fjárfraamlög í þróunarsamvinnu til umhverfis- og loftslagsmála. Framlög til þróunarsamvinnu eru flokkuð samkvæmt leiðbeiningum nefndarinnar með svokölluðum Ríó-stikum sem gefa til kynna hvort að verkefni leggi til mótvægisáðgerða eða aðlögunaráðgerða, eða hvort tveggja. Verkefnin eru ýmist sértæk loftslagsverkefni eða leggja til loftslagsáðgerða meðfram öðrum markmiðum.

Markmið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands er að hlutfall heildarframlaga til loftslagsverkefna nái, eða fari yfir 30% á tímabili núverandi fjármálaáætlunar 2023-2027.

Fjármögnun loftslagsáðgerða í þróunarríkjum er eitt af lykilákvæðum Parísarsamningsins. Er þar byggt á samþykkt frá loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn 2009 (COP15) þar sem þróuð ríki skuldbundu sig til að auka fraamlög til loftslagsáðgerða í þróunarríkjum þannig að þau næmu alls 100 milljörðum bandaríkjadala á ári árið 2020. Árið 2019 námu fraamlögin 80 milljörðum bandaríkjadala. Lokatölur fyrir árið 2020 liggja ekki fyrir en líklegt þykir að markmiðinu verði ekki náð fyrr en árið 2023.

Fjármögnun loftslagsáðgerða felur í sér beina styrki og annars konar fjármögnun, s.s. hagstæð lán og ábyrgðartryggingar til opinberra aðila og einkageirans. Fyrir utan opinber fraamlög er gert ráð fyrir umtalsverðum fraamlögum einkageirans til verkefna í þróunarríkjum. Þessi fraamlög eru ekki meðtalin í opinberum tölur um þróunaraðstoð en nýju alþjóðlegu samstarfi um heildarframlög til þróunarsamvinnu (e. total official support for sustainable development eða TOSSD) er ætlað að ráða bót á því. Á vettvangi UN Energy í september 2021 var kallað eftir auknum fraamlögum frá ríkjum og fyrirtækjum sem miðuðu við að efla áðgerðir fyrir Heimsmarkmið 7 um sjálfbæra orku fyrir alla og hafa fyrirtæki og góðgerðastofnanir í framhaldi lagt fram metnaðarfullar áætlanir um að auka fraamlög til orkuskipta og orkuaðgengis fátækustu ríkja sem nemur um 2.000 milljörðum bandaríkjadala. eru þetta nýjar skuldbindingar umfram fyrri skuldbindingar ríkja heims.

Stefna Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu skilgreinir sjálfbæra þróun sem leiðarljós í þróunarsamvinnu Íslands. Stjórnvöld styðja þróunarríki jafnt í áðgerðum til að sporna gegn loftslagsbreytingum og til að aðlagast að auknum áhrifum þeirra og er rík áhersla lögð á að svo verði áfram. Samkvæmt OECD DAC er Ísland í hópi þeirra fimm ríkja sem hlutfallslega verja mestu til loftslags- og umhverfistengdrar þróunarsamvinnu, samkvæmt viðmiðum nefndarinnar. eru þar ekki talin kjarnaframlög til fjölpjóðastofnana og -sjóða. Framlög til loftslagstengdra verkefna námu tæpum 2,4 milljörðum króna árin 2018 og 2019 en lækkuðu árið 2020 m.a. þar sem heimsfaraldur tafði framkvæmd verkefna. Áætlað er að fraamlögin nemi tæpum 3,3 milljörðum í ár.

Ísland styður sem dæmi eftirfarandi verkefni:

- Græna loftslagssjóðinn (e. Green Climate Fund), en sjóðurinn er stærsti fjármögnunarsjóður loftslagsáðgerða og heyrir undir loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna.
- Aðlögunarsjóðinn (e. Adaptation Fund), sjóðurinn er mun minni að umfangi en Græni loftslagssjóðurinn og einbeitir sér að fjármögnun aðlögunaðgerða í fátækustu ríkjum heims, sjóðurinn heyrir undir loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna.
- Loftslagsverkefni lykilstofnana Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans, sem er stærsti fjármögnunaraðili loftslagstengdra verkefna í marghliða þróunarsamvinnu. Ísland veitir 489 milljónum á ári hverju til Alþjóðaframfarastofnunar Alþjóðabankans (IDA) sem veitir hagstæð lán og styrki til 74 fátækustu ríkja heims. Fyrirsjáanlegt er að fraamlög Íslands til stofnunarinnar hækki á næsta fjármögnunartímabili hennar.
- Einnig styður Ísland sérstaklega við loftslagstengda sjóði Alþjóðabankans. Annars vegar er orkusjóður bankans (ESMAP) þar sem Ísland leggur sérstaka áherslu á nýtingu jarðhita og vatnsafls.

Hins vegar er stuðningur við sjóð bankans um bláa hagkerfið (PROBLUE) þar sem meðal annars er lögð áhersla á sjálfbæra fiskveiðistjórnun, verndun sjávar, plast og aðra mengun í hafinu, og orkuskipti í flutningum, fiskveiðum og vinnslu.

- GRÓ- Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem starfrækt er undir merkjum UNESCO, rekur fjóra skóla á Íslandi sem vinna að því að efla getu stofnana, samtaka og einstaklinga í þróunarríkjum til að vinna að framgangi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Skólarnir leggja allir af mörkum til umhverfis-, náttúruverndar og loftslagsmála. Jarðhitaskólinn vinnur að því að auka sjálfbæra notkun jarðvarma í heiminum og þannig stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Landgræðsluskólinn vinnur að endurheimt landgæða og takmörkun landeyðingar. Starf Sjávarútvegsskólans miðar að því að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar og vatna, t.d. með sjálfbærri fiskveiðistjórnun, betri nýtingu á afla og umhverfisvænni vinnsluaðferðum. Allir nemendur Jafnréttisskólans sitja áfanga um umhverfismál og loftslagsbreytingar og margir vinna verkefni á þessum sviðum. Framlög til skólanna hafa lengst af verið stór hluti af heildarframlögum íslenskra stjórnvalda til loftslags- og umhverfismála.
- Í samstarfslöndum Íslands, Úganda og Malaví, hefur verið stutt við loftslagsvænar aðferðir við innleiðingu skólamáltíða og sólarorkuvæðingu heilbrigðis- og skólabygginga, auk þess að auka aðgang að vatni, sem er lykilþáttur í aðlögunaraðgerðum. Þessi verkefni hafa að jafnaði numið um 30-40% af heildarverkefnaframlagi Íslands.
- Í Sierra Leóne, nýju samstarfsríki, verður lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, auk þess sem aðgengi að heilnæmu vatni hefur verið þungamiðja þróunarsamvinnu Íslands þar í landi. Aðlögun að loftslagsbreytingum á strandsvæðum þar í landi verður skoðuð sérstaklega, meðal annars með bættu aðgengi að hreinu vatni í fiskimannasamfélögum og verndun flæðiskóga (e. mangroves).
- Í nýjum stefnumiðum í tvíhliða þróunarsamvinnu er lögð aukin áhersla á samvinnu við stjórnvöld í samstarfslöndum um loftslags- og umhverfismál, til viðbótar við héraðsverkefni sem eru meginstöð samstarfsins.
- Í umhverfis- og loftslagstengdri þróunarsamvinnu Íslands hefur verið lögð áhersla á taka höndum saman með atvinnulífinu um að nýta íslenska sérþekkingu og lausnir við úrlausnir verkefna í þróunarríkjum. Þannig hefur þátttaka íslenskra jarðhita- og vatnsaflssérfræðinga í verkefnum Alþjóðabankans verið fjármögnuð í gegnum ráðgjafalista utanríkisráðuneytisins.
- Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu var stofnaður til að auka þátttöku atvinnulífs í uppbyggingu í þróunarríkjum. Sjóðurinn hefur nú þegar styrkt á þriðja tug fyrirtækja til þróunarsamvinnu í um tuttugu löndum. Meðal annars hefur sjóðurinn styrkt verkefni sem lúta að undirbúningi heildstæðrar löggjafar um orkuskipti á Kómoreyjum sem mun skapa tækifæri til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa í stað dísilolíu, fjölnýtingu jarðvarma í Kenía til að draga úr eyðingu skóga og útblæstri koltvísýrings, og nýtingu jarðhita til kælingar fyrir matvælaframleiðslu (eplaframleiðslu) á Indlandi. Mótframlag einkafyrirtækja til verkefna sem styrkt eru af sjóðnum eru dæmi um framlag einkageirans til loftslagsaðgerða í þróunarlöndum.